

Alþingi
Erindi nr. P 143/63
komudagur 28.10.2013



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.10.2013
Tilv. 2013/0905
HS

Efni: Umsögn - 91. mál frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 17. október 2013, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skaðsemisábyrgð, 91. mál. Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill koma að eftirfarandi athugasemdum.

Neytendastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem 3. gr. frumvarpsins mun gera þó svo að hún kunni að færa neytendum lakari réttarvernd en er samkvæmt núgildandi lögum þar sem breytingin hefur það í för með sér að dreifingaraðili ber ekki ábyrgð beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum, heldur ber hann ábyrgð á tjóni sem rakið er til sakar eða vanrækslu af hálfu framleiðanda eða fyrri dreifingaraðila í aðfangakeðjunni. Af hálfu ESA og framkvæmdastjórnar ESB hefur verið bent á að fullt samræmi verði að vera á lögum á EES svæðinu og er þessi breyting því nauðsynleg til að verða við því.

Um 3. gr. frumvarpsins:

Líkt og áður greinir leiðir breytingin til þess að neytendur hafi lakari réttarvernd, ef svo má að orði komast. Hins vegar er mikilvægt að Íslendingar og íslensk stjórnvöld fylgi þeirri þróun sem er í Evrópu þar sem við erum aðilar að EFTA. Það er því ljóst að ef að ekki kemur til þeirrar lagabreytingar sem lögð er til í frumvarpinu þá eru íslensku lögum um skaðsemisábyrgð í ósamræmi við tilskipun Evrópusambandsins. Hlutlæg refsíábyrgð er mjög íþyngjandi og þurfa því knýjandi rök að vera fyrir hendi til þess að slíka ábyrgð sé sett í lög. Vegna athugasemda ESA og ESB er þó ljóst, sem fyrr segir, að svo ríka ábyrgð er ekki unnt að leggja á dreifingaraðila, sbr. og dómafordæmi Evrópudómstólsins.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Helga Sigmundsdóttir

Helga Sigmundsdóttir
Sérfræðingur